

7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans York City, G.Y. 193, skulu upptæk gerr til sama sjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Stanley Victor Jones, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans York City, G.Y. 193, skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. október 1951.

Nr. 43/1950. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Magnúsi Jónssyni (Lárus Jóhannesson)

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í máli þessu í héraði, hefur framhaldsrannsókn farið fram í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 11. desember 1950 og í lögreglurétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hinn 9. janúar 1951. Hafa þeir löggæzlumennirnir Eiríkur skipherra Kristófersson og Magnús Björnsson l. stýrimaður svo og Anton Gunnar Axelsson flugmaður komið fyrir dóm og skýrt nánar frá atvikum varðandi eftirlitsferð þeirra í Húnaflóa hinn 16. maí 1949. Þá hafa og nánari skýrslur verið teknar af ákærða og stýrimanni á v/s Ágústi Þórarinssyni. Loks hefur skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, samkvæmt tilmælum sækjanda málsins hér

fyrir dómi markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir löggæzlu-mannanna hinn 16. maí 1949 svo og staðarákvarðanir ákærða og stýrimanns hans sama dag. Skólastjórinn hefur og samið álitsgerð um staðarákvarðanirnar, dags. 14. júní 1950.

Í nefndri álitsgerð kemst skólastjórinn svo að orði: „Á því er enginn vafi, að hafi flugbáturinn verið yfir Fáskrúðsskeri kl. 19.45 hinn 16. maí 1949, eins og segir í skýrslu gæzlumann-anna, stafnsett þaðan á Höskuldsstaðakirkju (eftir línu A á kortinu) og séð Ágúst Þórarinsson innan, þ. e. sunnan þeirrar línu, þá hefur báturinn verið að minnsta kosti 1.9 sjómílur innan landhelgislínu“. Með því að ekkert hefur komið fram, er hnekki eiðfestri skýrslu löggæzlumannanna um staðar-ákvarðanir, þá eru nægar sönnur fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, og þar sem v/s Ágúst Þórarinsson er 103 rúmlestir brúttó að stærð, þykir sekt ákærða samkvæmt lögum nr. 5/1951, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 10000 króna sekt til Landhelgisjóðs, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektar-innar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra á að vera óraskað.

Eftir að ákærði var staðinn að botnvörpuveiðum í landhelgi hinn 16. maí 1949, voru próf haldin yfir honum í lög-reglurétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hinn 19. s. m. Að próf-um þar loknum leyfði Dómsmálaráðuneytið ákærða að sigla áfram til Bretlands til að selja aflann þar, án þess að trygging væri sett fyrir andvirði hans. Hér fyrir dómi hefur verið gerð krafa um upptöku andvirðis afla v/s Ágústs Þórarins-sonar í umræddri veiðiferð, en þar sem ekki er komið fram í málinu, hver þá gerði nefnt vélskip út og hlaut andvirði aflans og þeim aðilja hefur ekki verið veittur kostur á að gæta réttar síns, þá verður ekki dæmt um þá kröfu í þessu máli.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostn-aðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði 10000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einars Arnórssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 8. júní 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af valdstjórninni gegn Magnúsi Jónssyni skipstjóra, til heimilis að Mjallargötu 8, Ísafirði, til refsingar og upptöku afla og veiðarfæra og greiðslu málskostnaðar fyrir brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. síðari breytingar á þeim lögum.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 5. jan. 1909 á Ísafirði. Vitað er, að hann hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

Þann 17. ág. 1931 sátt, 40.00 kr. sekt fyrir ölvun.

Þann 14. marz 1934 sátt, 50.00 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Þann 15. ág. 1936 sátt, 30.00 kr. sekt fyrir óspektir.

Þann 3. júlí 1946 sátt, 200.00 kr. sekt fyrir brot gegn sóttvarnalögum.

Þann 3. nóv. 1947 sátt, 400.00 kr. sekt fyrir brot gegn 106. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Þann 29. des. 1947 kærður fyrir ölvun á dansleik, — látið falla niður.

Málavextir eru þessir:

Þann 16. maí s.l. fór Eiríkur Kristófersson, skipherra á Ægi, ásamt fyrsta stýrimanni sínum, Magnúsi Björnssyni, norður á Húnaflóa til landhelgisgæzlu. Flugu þeir með Catalinuflugbáti. Kl. 19.45 var flogið yfir Fáskrúðs-skær við Vatnsnes og haldið á Höskuldsstaðakirkju, en lína dregin milli nefndra staða liggur rúmar tvær mílur innan landhelgi. Kl. 19.46 komu þeir að v/s Ágústi Þórarinssyni, S.H. 25, og var hann innan nefndrar línu. Voru skipverjar bátsins þar að veiðum með stjórnbörðsvörpu. Nánar tiltekið var greint skip á svæðinu milli Vatnsness og Blönduóss. Til þess að fyrirbyggja, að mistök ættu sér stað, var flogið marga hringi kringum v/s Ágúst Þórarinsson, S.H. 25.

Ákærði, Magnús Jónsson, viðurkennir að hafa verið á veiðum, þá er

nefnd flugvél kom að skipi hans, en hann heldur því hins vegar fram, að þá strax hafi hann með stýrimanni sínum framkvæmt staðarákvörðun, sem hafi leitt í ljós, að skip hans hafi verið statt 0,2 sjómílur utan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa segir hann markast af línu frá kirkju á Skagaströnd um Spákonufell, lítið eitt sunnan við hæsta hnúk þess og línu frá Birgisvíkurfelli — skörpustu brún þess — í N.V. $\frac{3}{4}$ N. Þá línu kveður hann sig hafa ákveðið með hliðsjón til áttavita og miðað eftir handlegg og hendi sinni. Ekki kveður hann sér kunnugt um, að nein segulskekkja sé á áttavitanum. Þenna framburð staðfestir stýrimaður ákærða, Ágúst Þórarinnsson, að öðru leyti en því, að hann kveður segulskekkju vera á áttavitanum og að ekki hafi verið fyrir henni gert og að uppgefin staðarákvörðun sé því ekki rétt, að svo miklu leyti sem segulskekkja breyti henni. Þá ber ákærða og stýrimanni hans ekki saman um þann tíma, sem þeir tóku staðarákvörðun sína á.

Skipherrann á Ægi og stýrimaður hans hafa báðir staðfest framburð sinn með eiði.

Að málavöxtum þessum athuguðum þykir rétt að byggja á framburði Eiríks Kristóferssonar skipherra og stýrimanns hans, Magnúsar Björns-sonar, og samkvæmt því að dæma ákærða til þess að greiða sekt, að upphæð kr. 29500.00, er renni í Landhelgissjóð, sbr. lög nr. 5 frá 18. maí 1920 og lög nr. 4 frá 11. apríl 1924, sem og allan kostnað af sök þessari.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 ber að gera öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, upptæk til Landhelgissjóðs Íslands, en með því að afli skipsins var af umboðsmanni þess í Englandi seldur þar á markaði, þykir ekki hægt að gera hann upptækan.

Hinrik Jónsson sýslumaður hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði 29500.00 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands. Sektin greiðist innan fjöggra vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, en afplánist ella með sex mánaða varðhaldi.

Veiðarfæri öll um borð í v/s Ágústi Þórarinnssyni, S.H. 25, skulu gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.